

# Ársskýrsla

## Skógræktarfélag Akraness

### 2025



**Aðalfundur** Skógræktarfélags Akraness var haldinn í Stúkuhúsinu mánudaginn 31. mars kl. 18. Stjórn félagsins var endurkjörin með þeim breytingum að Bjarni var kjörinn varamaður í stjórn en Bryndís var kjörin meðstjórnandi. Stjórnina skipa: Jens Benedikt Baldursson formaður, Katrín Leifsdóttir varaformaður, Oddný Björgvinsdóttir ritari, Eiríkur Karlsson gjaldkeri. Meðstjórnendur: Bryndís Siemsen, Einar Guðleifsson og Ellert Kristinn Jósefsson. Varamenn: Bjarni Þóroddsson, Helena Valtýsdóttir, Hjördís Hjartardóttir, Jóhannes Simonsen, Leó Jóhannesson og Margrét Þorvaldsdóttir. Skoðunarmaður ársreikninga: Lárus Ársælsson og Halldór Stefánsson til vara.

**2025 var gott vaxtarár.** Skv. Veðurstofu Íslands var árið 2025 hlýjasta árið á Íslandi frá upphafi mælinga. Meðalhiti í byggðum landsins var 5,2 stig sem er 1,1 stigi yfir meðallagi áranna 1991 til 2020. Hiti var vel yfir meðallagi nær alla mánuði ársins. Tíðarfar vorsins var einstaklega gott. Vorið var það hlýjasta sem hefur verið skráð á landsvísu og maí var langhlýjasti maímánuður frá upphafi. Í heild var árið óvenju hægviðrasamt, illviðri voru fátíð og tíð góð. Það var tiltölulega blautt í byrjun árs en þurrt í árslok. Árið var snjólétt á landinu öllu.

Vorið var, eins og áður kom fram, einstaklega hlýtt. Tíð var mjög góð og gróður tók óvenju snemma við sér. Það var sérlega hlýtt í aprílbyrjun og um miðjan maí var 10 daga löng hitabylgja yfir öllu landinu. Júní var kaldur og víða var meðalhiti júnímánaðar lægri en meðalhitinn í maí. Júlí og ágúst einkenndust af hlýindum. Júlí var óvenjuhlyr, sá hlýjasti á landsvísu frá upphafi. Hlýir dagar voru margir í júlí og ágúst. Þetta góða tíðarfar hafði góð áhrif í skógræktinni okkar, mörg tré tóku góðan vaxtarsprett. Raunar var grassprettu einnig afar góð og var kvartað yfir háu grasi á grasstígum okkar.

**Gróðursett** voru 4.486 tré (2024: 3.025). Þar af 3- 4 þús. bakkatré sem við fengum frá Landgræðslusjóði og tæp eitt þúsund stærri tré, tré sem við höfðum pottað í fyrra og í sumarbyrjun og svo tré sem við eða aðrir keyptu og gróðursettu á svæðum okkar eða tré sem við færðum milli svæða. Mest var gróðursett af birki eða 1.293 tré, þá furu eða 958 tré, öl 894 tré, ösp 828 tré (mest stiklingar sem við klipptum og settum í potta).

Við gróðursettum 264 grenitré, þar af á annað hundrað degli sem við fengum í bökkum. Annað var pottatré, sitka- eða blágreni. Gróðursett voru tæplega 800 elritré (gráölur og svartölur) og 68 reynitré sem hafa komið upp af reyniberjum sem við tókum af hinum ýmsu reynitrijám. Eitthvað var gróðursett af öðrum trjám eins og hengibirki, degli og rifs- og sólberjum

Langmest var gróðursett í Slögu en einnig var nokkuð gróðursett í Garðaflóa m.a. með skátum og leikskólabörnum.

Við settum rúmlega tvö þúsund tré í potta sem við geymum í uppeldisaðstöðu okkar við Einbúann og stefnum að því að gróðursetja á næsta eða þarnæsta ári. Mest eru það asparstiklingar sem við klipptum en einnig töluvert af greni, furu og birki. Nokkur hluti asparstiklinganna var gróðursettur seinna um sumarið. Þá var heggur og Virginíuheggur pottaður en þessar tegundir ræta sig ekki eins vel og öspin sem er afar dugleg að ræta sig.

Við tinum reyniber á haustin, merjum með sleggju og setjum í mold. Fremur lítið kemur upp af reyniberjunum í byrjun næsta sumars á eftir en sum tréin má potta um haustið eða leyfa þeim að vera fram á næsta sumar áður en þau eru pottuð.

Við notuðum mold úr moldarflaginu við gámana til að potta plönturnar og settum smávegis hrossa- eða kindaskít með.

Félagsmenn gróðursettu flestar plönturnar, aðallega stjórnarmenn og venslafólk þeirra, en Grétar Einarsson og félagar hjálpuðu okkur eins og fyrri ár. Rótarýfélagar gróðursetja og grisja nokkrum sinnum á hverju ári. Útskriftarnemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi koma tvisvar á ári og gróðursetja með okkur við þjóðveginn. Þá fengum við vinnuhóp frá garðyrkjustjóra til að vinna með okkur síðasta sumar. Þau gróðursettu í Garðaflóa, tróðu niður gras við tré og báru áburð á. Einnig voru þau mjög dugleg að potta tré og umpotta eldri tré. Soroptimistar gróðursettu að venju.

Trén frá Landgræðslusjóði komu 23. maí. Gróðursetningu bakkatrjáa lauk 6. ágúst en stærri tré voru sett niður fram í október. Tré voru færð frá janúar og fram í nóvember.

**Plöntusjúkdómar.** Fremur lítið bar á asparglyttu en birkið átti í miklum erfiðleikum. Sendar voru myndir til sérfræðinga hjá Landi og skógi. Niðurstaða Brynju Hrafnkelsdóttur var að líklegt sé að birkikemba, birkipéla og birkiryð herji á birkið okkar. Ansi margir skaðvaldar á einni trjategund enda dafnaði birkið illa í uppeldinu og eftir gróðursetningu. Þessir skaðvaldar herja einnig á stærra birki en það virðist þola þá betur. Úðað var í uppeldisaðstöðunni en lítið annars staðar. Afar mikið hefur verið af sniglum í uppeldisaðstöðunni við Einbúann og víðar og þeir leggjast á litlu trén í uppeldinu og valda nokkrum skaða.

**Möl og stígagerð:** Möl var lögð á nokkurn spotta af stígnum neðan Slögu sem liggur inneftir. Smám saman er verið að styrkja þann stíg. Möl var sett á viðbótarspotta í ársbyrjun 2026.

### **Svæðið við gámana í Slögu.**

Hjalti ýtumaður kláraði að forma svæðið við gámana og uppeldissvæðið í maí. Á svæðinu við gámana voru myndaðar nokkrar hæðir og í þær sáð hvítmára og síðan voru tré gróðursett um sumarið, aðallega bakkatré af fjölmörgum tegundum. Sléttu fletirnir voru slóðadregnir og valtaðir og síðan var grasfræjum sáð. Á næstu árum ættu trén að vaxa þarna og veita skjól. Hægt verður að hafa samkomur eins og Líf í lundi á svæðinu og nýta það til annarar útivistar.

### **Nýtt uppeldis- og athafnasvæði í Slögu.**

Í ársbyrjun kom stór grafa frá Bjarmari á nýja uppeldis- og athafnasvæðið sem er innst og neðst í „gömlu“ Slögu. Fyrir nokkrum árum var sett niður stórt ræsi í skurð að svæðinu þannig að fært var inná það. Nú var sett ræsi í annan skurð við svæðið þannig að „hringakstur“ var auðveldaður en í vinnu okkar er nauðsynlegt að auðvelda akstur bíla með kerru. Þá myndaði þessi stóra grafa athafnasvæði fyrir okkur þar sem koma má fyrir gámum eða húsum í framtíðinni. Minni grafa gróf vatnsrás fyrir ofan svæðið og lagaði stíg þar. Svæðið var síðan látið jafna sig fram á vor og bleytan látin síga úr því áður en jarðýtan lagaði það enn frekar. Um sumarið voru síðan gróðursett tré í hlíðar eða barma meðfram svæðinu. Um haustið var lögð hátt í 300 metra vatnsleiðsla frá klósettunum fyrir ofan og að svæðinu. Eftir er að tengja vatnið og setja möl á svæðið (möl var sett í janúar 2026).

Við gerum ráð fyrir að þetta svæði komi smám saman í staðinn fyrir athafnasvæði okkar við Einbúann við Þjóðveginn til Akraness. Þarna er pláss fyrir fleiri plöntur í uppeldi en við Einbúann og gera má ráð fyrir að smám saman þrengi að okkur þar eftir því sem byggðin færir nær. Auk þess er þetta svæði ekki aðgengilegt fyrir bíla þar sem hliðin að því eru læst og aðeins opið hlið fyrir gangandi fólk. Reynsla okkar er að minna er um ýmis konar skemmdir þegar bílar eða önnur farartæki komast ekki um skógræktarsvæðin.

**Sjálfbóðaliðar Skógræktarfélag Íslands** komu því miður ekki til okkar þetta árið eins og undanfarin ár. Mikil eftirspurn var eftir þeim meðal skógræktarféлага og þar sem við höfum fengið þau mörg undanfarin ár vorum við látin mæta afgangi. Það hefur verið ánægjulegt og gott fyrir skógræktina að fá þau og skógræðing með þeim til að vinna með okkur. Vonandi fáum við sjálfbóðaliða áfram á næstu árum.

**Slegið var nokkrum sinnum með „hand“-ruddasláttuvél Ingólfs.** Ekki voru allir stígar slegnir og ekki nógu oft. Erfitt og þreytandi er að slá mikið með þessari litlu vél. Kvartað var yfir því að sumir stígar væru ekki slegnir eða ekki nógu oft. Um haustið skoðuðum við möguleika á að kaupa stærri ruddasláttuvél sem hengd væri aftan í fjórhjól eða jeppa. Líklega kaupum við slíka vél á árinu 2026 því mikilvægt er að almenningur geti notað stígana.

**Líf í lundi** var haldið í afar góður veðri, sól og hita, á miðsvæðinu í Slögu sunnudaginn 15. júní kl. 16 – 18 en ekki mánudaginn 23. júní eins og áður hafð verið ákveðið. Ástæðan var sú að sunnudagurinn 15. júní hentaði betur fyrir fólkið sem stendur að viðburðinum. Við höldum Líf í lundi í samstarfi við Skátana og Norræna félagið á Akranesi. Við erum með margs konar viðburði: grill, tálga og baka brauð yfir eldi, axarkast, bingo, pylsur, lummur, ketilkaffi, gróðursetningu, gönguferðir og margt fleira. Fjöldi viðburða fer eftir því hversu margt fólk við fáum til að vinna með okkur. Fleiri gátu verið með

sunnudaginn 15. júní en 23. júní og því var ákveðið að færa viðburðinn. Eins og undanfarin ári heppnaðist viðburðurinn afar vel og almenn ánægja meðal fólks á öllum aldri sem sótti samkomuna. Það hefur reynst vel að fá fleiri félög en skógræktarfélagið til að standa með okkur að Lífi í lundi. Þá mæta fleiri til að sinna nauðsynlegum störfum eins og grillinu, ketilkaffinu, snúrubrauðinu, axarkastinu o.s.frv. Samt væri gott ef enn fleiri tækju þátt í starfinu þennan dag. Líf í lundi er haldið þegar sumarleyfi fólks er að hefjast og alltaf eitthvert fólk fjarverandi sem venjulega tekur fullan þátt í starfi þessara félaga.

Reyna þarf að virkja fleiri. Þá væri hægt að skipuleggja fleiri viðburði eins og gönguferðir, fleiri leiki o.fl.

**Jólatrjáasalan.** Líkt og undanfarin ár höfum við lítið af jólatrjám í heppilegri stærð sem við tímum að missa (tré sem standa stök og eru til prýði). Jólatrjáasalan var því aðeins auglýst á Facebook-síðu okkar og í pósti til félagsmanna og aðeins var selt einn dag. Jafnframt var tekið fram að við hefðum lítið af trjám en hægt væri að finna tré meðal stærri trjána og saga mætti ofan af trjám. Fleiri mættu en í fyrra og aðeins fleiri tré voru seld. Okkur fannst sérlega ánægjulegt hversu margar stórfjölskyldur mættu, afi, amma, börn og barnabörn og þó þau keyptu bara eitt tré hver fjölskylda var gaman að sjá gleðina meðal fólks að komast inn í skóg. Veðrið var þokkalegt og ekki hægt að kvarta um hávetur. Á eftir var fólki að venju boðið uppá kakó, piparkökur og frábærar nýsteiktar kleinur frá Katrínu.

**Framkvæmdasamningurinn við Akranesbæ rann út í lok árs 2020.** Ekki hefur náðst að endurnýja hann en bæjarstjórn veitti okkur 2,5 milljóna styrk á árinu. Undanfarin ár höfum við fengið rekstrarstyrk frá Umhverfissráðuneytinu, 700 þús. á síðasta ári. Þá fengum við 500 þús. króna styrk frá Landgræðslusjóði til framkvæmda á nýja uppeldissvæðinu.

**Glíman við sauðkindina.** Við losnuðum að mestu við rollur úr skógræktinni þetta árið. Aðeins einu sinni komust rollur inn á skógræktarsvæðið neðst í Slögu. Um var að ræða kindur hobbýsauðfjáreigenda á Skaganum. Þeir brugðust skjótt við og sóttu kindur sínar og löguðu girðinguna. Ekki hafa sést rollur á svæðinu nálægt bílastæðinu síðustu ár og því er líklega óþarfi að girða það svæði. Hins vegar verðum við að fylgjast með girðingunni að fjallinu en þar er jafnan fjöldi sauðfjár í eigu örfárra bænda í kringum Akrafjallið. Undarlegt að leyfð sé beit þarna, þetta svæði er rýrt af gróðri og það væri gott að leyfa gróðrinum að vaxa í friði. Yrði góð kolefnisjöfnun auk þess sem við myndum gjarnan vilja gróðursetja einhver tré ofan Slögu m.a. til að draga úr skriðuföllum.

**2025 voru unnin 142 dagsverk** (1 dagsverk = 8 tímar) á vegum skógræktarfélagsins. Haldnir voru 16 stjórnar- og vinnufundir. Á sumrin var þessum fundum blandað saman, fundað fyrst og síðan tekið til hendinni. Þá köllum við þetta vinnufundi og voru þeir á mánudögum kl. 17 - 19. Mestur tími fór í gróðursetningu og ýmislegt tengt henni, þá kom plöntuframleiðsla (pottun plantna og ýmislegt tengt henni, vökvun, tína amagróður úr pottun, tiltekt í uppeldisaðstöðu, stiklingar voru klipptir o.s.frv.). Það veldur töluverðri aukavinnu að við erum ekki með vökvunaraðstöðu við Einbúa heldur verðum að sækja allt vatn á bensínstöðvar í 1000 lítra tanki.

Í mannvirkjagerð fór mikill tími: smíði og viðhald hliða, girðinga, húsakosts og tækja, viðhald klósettskúrs í Slögu, slátt stíga, stígagerð, tiltekt, vatnslagnir og tengingar.

Önnur vinna felst í jólatrjáasölu, grisjun, skýrslugerð og alls konar tölvuvinnu og tölvupósta, skipulagningu, fundarhöldum o.fl. Slumpað var á tíma vegna þessarar vinnu.

Vinna okkar sjálfboðaliðanna er vantalin eins og gjarnan er með vinnu venjulegs fólks.

**Lokaorð.** Eins og sjá má af upptalningunni hér að framan er vinna okkar mikil og fjölbreytt. Langmest er þetta sjálfboðavinna okkar í félaginu, sérstaklega stjórnarmanna.

Það munar miklu um sjálfboðaliða eins og félaga í Rótaryklúbbi Akraness, Grétar Einarsson og félaga og fleiri sem vinna í skógræktinni á hverju ári. Soroptimistar hafa tekið að sér ákveðið svæði og gróðursetja þar og hirða um svæðið á hverju ári. Bjarnþór Kolbeins hefur tekið drónamyndir fyrir okkur.

Mörg fyrirtæki og starfsmenn þeirra hafa reynst félaginu vel og bæjarfélagið hefur styrkt starf þess. Nefna má fyrirtækin Bjarmar, Ingólf Valdimarsson og Hjalta Samúelsson. Í lokin þakka ég félagsmönnum skógræktarfélagsins fyrir stuðninginn. Mest ber þó að þakka stjórnarmönnum félagsins fyrir að halda félaginu gangandi og gera það sem gera þarf.

Jens Benedikt Baldursson formaður

Í viðauka hér á eftir eru myndir og textar frá síðasta starfsári. Einnig myndir með merkingum á svæðum okkar. Þessar myndir eru sumar á heimasíðu okkar eða á Facebook-síðunni en reynslan sýnir að varhugavert er að treysta á að slíkar vefsíður lifi lengi. Þá varð þetta til þess að farið var yfir myndasafnið og myndir valdar. Það er töluverð vinna en nauðsynlegt til að veita innsýn í starf félagsins og sýna vöxt trjáanna. Viðaukarnir eru tveir. Viðauki 1 er myndasafn síðasta árs. Viðauki 2 eru myndir af skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Akraness og merkingar svæða. Þetta er sami viðauki og fylgdi ársskýrslunni 2021. Þess vegna er þessum viðauka sleppt í prentuðu ársskýrslunum 2022, 2023, 2024 og 2025 en vísað í þessar ársskýrslur á vefsíðu okkar skogak.com og prentuðu ársskýrsluna 2021.

### Viðauki 1 með myndum og textum sem margar hafa birst á heimasíðu okkar:

<https://www.skogak.com/> eða á Facebook-síðunni: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172/>

8. jan. Ein rjúpa úr rjúpnahópi í Slögu. - 17. jan. Eitt af föstum verkefnum okkar er að losa stíflur úr ræsum eða vatnsrásum. - 20. jan. stífla losuð.



20. jan. Jólátré sett niður í Slögu - 24. jan. Lélegur víðir grisjaður á uppeldis- og athafnasvæðinu í Slögu.



28. jan. Stór grafa frá Bjarmari mætti á uppeldis og athafnasvæðið í Slögu, loksins þegar hafði fryst og heppilegur tími í svona vinnu. Raunar snjó en hann var ekki til trafala fyrir þessa öfluggu vél. Fyrst var sett niður ræsi í skurð sem liggur meðfram svæðinu og þannig gerður hringakstur sem er nauðsynlegur á athafnasvæðinu. Síðan var búinn til jafn flötur, vinnusvæði og svæði fyrir húsakost og gáma í framtíðinni.



29. jan. Áfram unnið á framtíðar athafna- og uppeldissvæði okkar í Slögu. Grafan jafnaði svæðið.



1. feb. Verkinu lokið. Myndir teknar eftir ausandi rigingu. Aftur snjór 2. feb.



3. feb. Þetta gamla ræsi stíflast af laufum og öðru á hverjum vetri. - Endurnýja þarf vatnsrásir og ræsi meðfram þessum stíg.



7. feb. Grisjunarviður fjarlægður. - 10. feb. Furur uxu vel í halla og sæmilegu skjóli nálægt uppeldissvæðinu. Stærstu fururnar voru teknar upp og settar niður annars staðar.



11. feb. Vatnsrás grafin ofan við uppeldissvæðið. Þurrka þarf uppeldissvæðið upp með því að veita vatninu burt.



15. feb. Drónamyndir af uppeldissvæðinu og svæðinu í kring. Áætlun um uppbyggingu svæðisins. Töluvert var breytt út frá þessu í framkvæmd í jan. 2026. Ákveðið að leiða vatnið annars staðar frá (frá miðsvæðinu þar sem klósettið er) og fá meiri fallhæð (þrýsting á vatnið). Einnig var sett meiri möl en gert var ráð fyrir á teikningunni.



14. feb. Nú þarf svæðið að þorna og jafna sig fram á vor.



17. feb. Grisjunarviður fluttur. - 21. feb. "Moldarflagið" við gámana. Möl var sett á stíg NS1A (neðan Slögu).



24. feb. Stígur ofan við uppeldissvæði. Kerra full af aspargreinum sem klipptar verða í stiklinga. Klipptar voru greinar úr fjölmörgum öspum á mörgum svæðum til að fá sem fjölbreyttast úrval af öspum.



3. mars. Stíflur losaðar og vatnsrásir grafnar. - 5. mars. Vörubretti notuð til að gera skjól við tré gegn vindinum frá Akrafjalli.



Stærri tré halla oft eða eru sködduð á þeirri hlið sem snýr að fjallinu. Sum hafa drepist vegna vindsins.



11. mars. Asparstiklingar klipptir hjá Jens á Dalbrautinni. - 14. mars. Fiskiker sem Brim gaf okkur sótt.



17. mars. Stiklingar fluttir að Einbúanum. Mold og skítur sett í pottana. Geymdir í fiskikerjum.

19. mars. Skjólbretti við tré í Slögu. Net sem dregur 50% úr vindi fest á brettið með heftara.



19. mars. Vindálag í Slögu. Barrið á trénu sem nýr að Akrafjalli er farið af eða orðið brúnt. Litlu trénu orðin brún.



24. mars. Tré sem hallar undan vindi frá fjallinu. Hlífðarbretti með neti. Girðingarstaur rekinn niður, fyrst með járnkarli, síðan staurinn sjálfur. Brettinu er fest við girðingarstaurinn með skrúfum.



2. apríl. Skjól sett við lítið tré. - 9 apríl. Útskriftarnemar Fjölbrautaskólans gróðursetja við Þjóðveginn.



16. apríl. Brettaskjól. Birkitré sem hallar mjög undan vindinum frá Akrafjalli.



25. apríl. Fura með brúnu barri. Skjól útbúið fyrir lítið tré. Net sem minnkar vind um 50% fest á stikur með heftibyssu.



5. maí. Asparstiklingarnir byrjaðir að ræta sig. - Frostlyfting í sitkagreninu. Það var umpottað.



6. maí. Náð í mold. 12. maí. Pottað og umpottað við Einbúann. Skjólbretti með neti í Slögu.



14. maí. Lerkið vex vel efst í Slögu. Girðingin að fjallinu er orðin ansi slöpp.



14. - 15. maí. Jarðýta Hjalta lagaði moldarflagið við gámana sem er farið að taka á sig endanlega mynd.



Hæðir formaðar. Tré vaxa betur í halla, fá meira skjól og vatn safnast ekki að rótunum.



15. maí. Jarðýtan lagar uppeldissvæðið. Nú hafði mesta bleytan farið úr moldinni og hægt að vinna hana.



15. - 19. maí. Uppeldissvæðið var slóðadregið og loks valtað og grasfræjum sáð í það.



17. - 18. maí. Slóðadregið við gámana í Slögu. Eyddi förunum eftir jarðýtuna og jafnaði flötinn.



16. - 19. maí. Einar tengdi vatnið en það er aftengt yfir veturinn svo ekki frjósi í lögnum. Vaskur á klósetti lagaður.



19. maí. Asparstiklingarnir höfðu rætt sig vel. Settir í potta. 25. maí. Plöntur frá Landgræðslusjóði.



28. maí. Rótarý grisjar í Slögu. - Drónamynd af moldarflaginu við gámana sem nú var tilbúið til uppgræðslu.



Yfirlitsmyndir úr dróna. Moldartíppurinn, svæðið við gámana, uppeldissvæðið. - Efri hluti Slögu.



29. - 30. Hrossa- og kindaskítur sóttur. Vatn sett á vatnstank. - 2. júní. Soroptimistar gróðursetja í sinn reit.



7. - 8. júní. Bakkaplöntur vökvaðar í Slögu. Asparstiklingar pottaðir við Einbúann. Stiklingarnir höfðu verið settir margir saman í einn pott í febrúar - mars. Þeir sem rættu sig og litu vel út voru síðan settir í potta.



10. júní. Eiríkur setur ný borð saman. - 12. júní. Grétar og félagar gróðursettu með okkur.



Gróðursett var í nýja moldarlagið við gámana í Slögu, mest lítil tré í bökkum, birki, ölur, ösp o.fl.



13. júní. Slegið með ruddasláttuvél Ingólfs. - 15. júní. Líf í lundi í Slögu. Myndir voru málaðar og axarkastið var vinsælt.



Pylsur voru grillaðar, lummur bakaðar, greinar tálgaðar og snúrubrauð bakað yfir eldi.



Veðrið var ágætt og fólk naut þess að vera í skóginum.



Boðið var uppá ketilkaffi, bingo var vinsælt og margt fleira var gert í veðurlíðunni.



18. - 22. júní. Asparstiklingar pottaðir. Tveir stígar, sá fyrri (frá jan. 2021) er nálægt Einbúanum og nánast sokkinn í mýrina. Hinn var lagður 2 árum seinna (mars 2023) en jarðvegsdúkur lagður undir. Það borgar sig að nota jarðvegsdúk í mýrlendi.



23. júní. Vinnuflokkur bæjarins við Einbúann. Tekið til í pottum og í vinnuskúrum. M.a. var amagróður fjarlægður út pottum.



25. júní. Vinnuflokkur bæjarins við Einbúann m.a. í ausandi rigingu. Þau kvörtuðu ekkert yfir veðrinu og pottuðu og umpottuðu af krafti. Það er ekki þægilegt að vinna með rennblauta moldardrullu. Þá var tekið til í gámnum. Við vorum afar ánægð með vinnu þessara duglegu unglunga.



Bakkaplöntur pottaðar, greniplöntur umpottaðar og amagróður hreinsaður.



26. júní. Vinnuflokkurinn vann áfram við pottun og umpottun en einnig var gróðursett enda betra veður, engin rigning. Þá var hrossa- og kindaskítur sóttur



Gróðursett við Einbúann.



30. júní - 2. júlí. Vinnuflokkur í Garðaflóa og við Einbúann.



2. júlí. Pottuð tré í uppeldisaðstöðunni. Krakkarnir voru duglegir að potta og umpotta eldri tré.



2. júlí. Plöntur í uppeldisaðstöðunni. Borð brennimerkt.



31. júlí. Stígar slegnir. Kvartað var yfir miklum grasvexti á grasstígnum enda sumarið afbragðsgott. 14. ágúst gróðursett með leikskólanum Teigaseli



16. ágúst. Birkið átti því miður í basli. Birkikemba, birkipéla og sveppur herjuðu á það. Önnur tré döfnuðu vel í uppeldinu. Ölurinn dafnaði vel í fiskikerinu. Var mestallur gróðursettur um sumarið og haustið.



20. -25. ágúst. Pallaolía borin á pallinn og öll borðin. - Einar og Jens löguðu hliðið við neðri innganginn í Slögu. Reynitré sett í potta. Þetta er meðal þess sem kom upp af reyniberjum frá því í fyrra.



27. ágúst. Flottur ölur og ösp í plöntuuppeldinu. Þessi ösp var klippt sem stiklingar í febrúar - mars.  
8. sept. Reyniber kramin, síðan blandað með mold og látin vera fram á næsta sumar. - Unnið við umpottun, amagróður fjarlægður úr pottum o.fl.



10.sept. Útskriftarnemendur Fjölbautaskóla Vesturlands gróðursettu við Þjóðveginn til Akraness



11. sept. Skátar gróðursetja í Garðaflóa, nálægt Klapparholti



11.sept. Hátt í 300 metra vatnsleiðsla var lögð í Slögu, frá vatnsleiðslu við klósettið og að nýja uppeldissvæðinu.



15. sept. Vinnufundur við Einbúann. Ösp og ökur gróðursett. Reynitré sett í potta. Voru ber fyrir ári síðan.



16. sept. Drónamyndir. Við gámana. Uppeldissvæðið.




8. des. Skilti um jólatrjáasölu sett upp. - Sunnudagurinn 14. des. Jólatrjáasalan



Fyrsta furan af þeim sem gróðursett var á síðustu árum var valin sem jólatré. Á næstu árum munu fleiri furur hafa náð "jólatrjáahæð". - Fólk á öllum aldri mætti til að velja sér jólatré.



Oddný og Katrín við eldinn á jólatrjáasölu. - Gott að hafa aðstöðuna í gámnum. - Sagað var ofan af þessu grenitré fyrir nokkrum árum. Síðan hafa greinarnar "barist" um það hver þeirra fái að mynda ný "jólatré". Nokkrar greinar voru klipptar burt til að draga úr samkeppninni svo nokkrar þeirra náí að mynda "ný" tré.



Nokkrar myndir frá árinu, aðallega úr uppeldisaðstöðunni.

14. júlí. Hengibirki, birki og ösp í uppeldisaðstöðunni.



16. ágúst. Tré í uppeldisaðstöðunni. Fura, degli. greni, reynir



Ýmis tré í góðu skjóli í uppeldisaðstöðunni.



Haustmyndir úr Slögu.



**Stjórn Skógræktarfélags Akraness 2025 - 2026**

Bryndís



Katrín



Eiríkur



Einar



Oddný



Ellert



Jens



**Skógræktarfélag Akraness**

Dalbraut 21, 300 Akranesi

<http://www.skogak.com/> [jensbb@internet.is](mailto:jensbb@internet.is) 897 5148

Facebook síða: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172>

Kennitala: **6906892949**

**Stjórn 2025 - 2026:**

Jens Benedikt Baldursson, formaður

Katrín Leifsdóttir, varaformaður

Eiríkur Karlsson, gjaldkeri

Oddný Björgvinsdóttir, ritari

**Meðstjórnendur:**

Bryndís Siemsen - Einar J. Guðleifsson - Ellert Kristinn Jósefsson

**Varamenn:**

Bjarni Þóroddsson - Helena Valtýsdóttir - Hjördís Hjartardóttir -  
Jóhannes Simonsen - Leó Jóhannesson - Margrét Þorvaldsdóttir

**Skoðunarmenn ársreikninga:**

Lárus Ársælsson - Halldór Stefánsson, varamaður

Stjórnin var kosin á aðalfundi félagsins 31. mars 2025

## Viðauki 2. Skógræktarsvæði og merkingar



**Gróðursvæði Skógræktarfélags Akraness meðfram Þjóðveginum 2018.** Græna merkingin sýnir svæðið sem við fengum skv. samningi 4. nóv. 2002. Hestamenn nýttu stærstan hluta þess og girðingar þeirra voru ekki færðar fyrir en sumarið 2018 og þá skv. nýju deiliskipulagi. Smávægileg breyting var gerð 2021



**Slaga 2013 með svæðamerkingum.** Samningur frá 1990. Merkingarnar eru notaðar til að auðkenna hvar gróðursett var.

